

Fundargerð

Föstudaginn 5.12.2024 var Stjórnarfundur Sorpsamlags Strandasýslu ehf. haldinn á skrifstofu Sorpsamlagsins að Skeiði 3, Hólmavík.

Fundinn sátu fulltrúar Strandabyggðar, Árneshrepps og Kaldrananeshrepps sem fara með 100% hlutafjár félagsins. Þorgeir Pálsson, Sigríður G. Jónsdóttir frá Strandabyggð og Finnur Ólafsson frá Kaldrananeshreppi og ásamt starfsmönnum Sigurður Már Þorvaldsson, Sverrir Guðbrandsson sátu fundinn.

Finnur Ólafsson ritar fundargerð á tölvu.

Fundur settur kl.10:54. Framkvæmdarstjóri Sigurður M. Þorvaldsson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Gjaldskrá Sorpsamlagsins 2026- til afgreiðslu
2. Húsnæðismál Sorpsamlagsins, drög að kaupsamningi – til afgreiðslu
3. Endurskoðun fjárhagsáætlun 2026 – til afgreiðslu
4. Önnur mál

Var þá gengið til dagskrár.

1. Gjaldskrá Sorpsamlagsins 2026- til afgreiðslu

Sigurður M. Þorvaldsson gerir grein fyrir gjaldskrá og breytingum til að taka tillit til fljótandi gjaldskráa, sem fylgir breytingum sem Sorpa gerir sem er móttöku aðili úrgangstrauma, ásamt öðrum móttöku aðilum og leitast verði að ná hagkvæmustu verðum á hverjum tíma. Gjaldskrá sorpsamlagsins verður birt á heimasíðu aðildarsveitarfélaga, sem starfsmenn Sorpsamlagsins uppfæra í takt við breytingar.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

2. Húsnæðismál Sorpsamlagsins, drög að kaupsamningi – til afgreiðslu

Fyrir liggur drög að kaupsamningi vegna kaup áhúsnæði „Víkurbú 212-8579, sem er 421,4 m² og lóð L141892 sem er 4,5 hektarar sem er leigulóð í eigu Strandabyggðar. Sigurður kynnir málið.

Kaupverðið í tilboði er 5.900.000-kr

Stjórn samþykkir að ganga að tilboðinu til að tryggja framtíðar athafnarsvæði undir starfsemi Sorpsamlag Strandasýslu.

Borið upp og samþykkt samhljóða. Stjórn felur framkvæmdarstjóra að ganga frá kaupum á nýju ári.

3. Endurskoðun fjárhagsáætlun 2026 – til afgreiðslu


Framkvæmdar stjórn fór yfir breytingar á fjárhagsáætlun. Stjórn staðfestir fjárhagsáætlun og felur framkvæmdarstjóra að senda til sveitarfélaga.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

4. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki tekið fyrir
Fundargerð lesin upp og samþykkt
Fundu slitið kl. 11:55



Sigríður G. Ónsdóttir